

Ísótóparannsókn af lungum

Ísótóparannsóknin veitir upplýsingar um starfsemi lungna (loftflæði og blóðflæði). Gera þarf ráð fyrir að rannsóknin taki um 60 mínútur.

Undirbúningur

- Enginn undirbúningur er fyrir þessa rannsókn.
- Ráðlagt er að skilja skartgripa eftir heima.

Rannsóknardagur

- Við komu á deild er settur æðaleggur í handlegg og í hann er gefinn ísótópur sem er geislavirkt efni. Einnig þarf að anda að sér úða með geislavirku efni.
- Í rannsókninni þarf að liggja kyrr á rannsóknarbeck á meðan myndavélar nema geislun frá líkamanum.



Best er að nota inngang Eiríksgötu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G. Athygli er vakin á því að bílastæðin eru gjaldskyld.

Rannsóknin:

- Settur upp æðaleggur
- Innöndun á úða, tekur 5 mínútur
- Myndataka af lungum, tekur 15 mínútur
- Gefinn ísótópur í æðalegg
- Seinni myndataka, tekur 20 mínútur
- Rannsóknin tekur alls um 60 mín.

Eftir rannsókn

- Niðurstöður rannsókna berast innan viku til þess læknis sem pantaði rannsóknina.
- Mikilvægt er að drekka vel eftir rannsóknina það sem eftir er dags því efnið skilst úr líkamanum með þvagi.
- Þar sem geislavirkt efni er notað í rannsókninni þarf að forðast mikla snertingu við aðra í 24 klukkustundir eftir rannsóknina, meðan efnið er að fara úr líkamanum. Mikilvægt er að forðast alla snertingu við barnshafandi konur og að hafa börn í fanginu þar sem þau eru viðkvæmari fyrir geislun en fullorðnir.
- Ef fyrirhugað er að ferðast til útlanda skömmu eftir rannsókn er ráðlagt að fá vottorð til að framvísa á flugvellinum. Starfsfólk deildar veitir nánari upplýsingar um það.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Röntgendeild Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, netfang: isotop@landspitali.is